


DEILISKIPULAG FYRIR FISKELDI Í BOTNUM Í SKAFTÁRHREPPI SKIPULAGSLÝSING



6. maí 2011

Yngvi Þór Loftsson og Margrét Ólafsdóttir



LANDMÓTUN.



Lýsing fyrir deiliskipulag fiskeldis í landi Botna í Skaftárhreppi.

Lýsing fyrir deiliskipulag fiskeldis í landi Botna í Skaftárhreppi í samræmi við 40. grein skipulagslaga nr. 123/2010.

Lýsing skiptist í

1. Afmörkun svæðisins
2. Lýsing staðháttu og byggðar
3. Forsendur
4. Stefnumörkun
5. Þættir deiliskipulags
6. Ferli verkefnisins

1. Afmörkun svæðisins.

Skipulagssvæðið er samtals 16 ha og er úr landi Botna í Skaftárhreppi landnúmer 163310 og landi Botna Fiskeldi landnúmer 220022. Deiliskipulagsmörkin liggja frá afkomuvegir vestur yfir Rafstöðulón, þaðan um 400 m til suður, norður yfir Krókavatn og austur fyrir núverandi veiðihús við Krókavatn.

2. Lýsing staðháttu og byggðar.

Ekki er til deiliskipulag fyrir þetta svæði. Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2020, sem hefur verið samþykkt í sveitarstjórn en býður staðfestingar Umhverfisstjórn, er gert ráð fyrir 4 ha iðnaðarsvæði fyrir fiskeldi. Að öðru leyti er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Samkvæmt aðalskipulagi Skaftárhrepps teljast heimarafstöðvar allt að 200 KW hluti af landbúnaðarnotum og þarf því ekki að skilgreina þær sem iðnaðarsvæði.

Deiliskipulagssvæðið er um hálfum km vestan við jaðar Skaftáreldahrauns. Undan hrauninu spretta tærar lindir sem renna um svæðið og mynda tjarnir og lón í lægðum. Svæðið var áður árstíðabundinn árfarvegur sem fylltist á hverju ári af jökulvatni þegar hlaup urðu á vorin. Í dag rennur áin ekki lengur um þetta svæði vegna breytinga sem urðu vegna vegaframkvæmda fyrir ofan Þjóðveg nr. 1 en þessar framkvæmdir fóru fram fyrir rúmum 40 árum. Af þeim sökum eru landeigendur og framkvæmdaraðilar nokkuð vissir um að á svæðinu séu ekki neinar fornminjar en ef til þess kemur að fornminjar finnist á framkvæmdatíma verður verkið stöðvað og tilkynnt þar um.

3. Forsendur

Vinna við deiliskipulagsgerðina hófst að beiðni landeiganda í apríl 2011 en skipulags- og byggingarnefnd og sveitarstjórn Skaftárhrepps fjalla um deiliskipulagstillöguna í maí 2011.




4. Helstu markmið deiliskipulagstillögunnar

- Að móta og þróa iðnaðarsvæði í sem bestri sátt við umhverfi og samkvæmt ströngum reglum um varnir gegn mengun og náttúruspjöllum.
- Að vera með fiskeldi á sem sjálfbærastan og umhverfisvænstan hátt.

5. Þættir deiliskipulags

Það er ætlun eiganda að gera deiliskipulagstillögu fyrir fiskeldi með framleiddan lífmassa allt að 19 tonnum á ári og endurbygging heimarafstöðvar. Á deiliskipulaginu verða eftirfarandi þættir:

1. Staðsetning byggingarreits fyrir 864 m² stálbáruhús sem er yfirbygging fiskeldis.
2. 8 rennur úr húsinu hver 66 m³.
3. Gámur innréttaður fyrir hrogn.
4. Setþró, 60m² S- laga settjörn.
5. Byggingarreitur fyrir rafstöð.
6. Enduruppbygging lóngarðs.



Mynd sem sýnir tillögu að deiliskipulagi fiskeldis í Botnum.



6. Ferli verkefnisins skiptist í eftirfarandi meginverkhætti:

1. Lýsing deiliskipulags kynnt í Sveitarstjórn Skaftárhrepps og Skipulagsstofnun. Áætlaður tími: maí 2011.
2. Lýsing kynnt umsagnaraðilum. Áætlaður tími: maí 2011.
3. Tillaga kynnt í sveitarstjórn, áætlaður tími maí 2011.
4. Lögformlegt auglýsingaferli og umfjöllun. Áætlaður tími: maí-júní 2011.
5. Auglýsing í B-deild. Áætlaður tími júlí 2011.

Samráð verður haft við lögbundna umsagnaraðila sem eru; Fiskistofa, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Fornleifavernd ríkisins.

Meðfylgjandi eru drög að deiliskipulagi.